

Fundargerð

Fundur stjórnar Fiskeldissjóðs, 23. fundur.

02.02.2022, kl. 13:30 til 15:00

Fundarstaður: Teams.

Mætt: Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson.

Hallveig Ólafsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar, 26. janúar 2022, borin upp til samþykktar.

Frestað.

2. 7. gr. laga nr. 89/2019.

Stjórnin ræddi um 7. gr. laganna og mun ræða tillögur stjórnar að mögulegum breytingum á reglugerð og/eða úthlutunareglum í ljósi reynslu stjórnar af fyrstu úthlutun. Ákvæðið hljóðar svo:

„Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þ.m.t. um málsmeðferð og úthlutun úr sjóðnum, að fenginni tillögu stjórnar.“

3. Fundur ráðherra með sveitarfélögum.

Ráðherra hefur boðað til fundar með stjórn og fulltrúum sveitarfélaga mánudaginn 7. febrúar.

4. Auglýsing eftir umsóknum.

Texti auglýsingar yfirfarinn og samþykktur, þó ekki dagsetningar.

5. Áherslur stjórnar.

Samþykkt að halda áherslum stjórnar óbreyttum efnislega.

6. Úthlutunarreglur.

Farið yfir úthlutarreglur og þær samþykktar með óverulegum efnislegum breytingum.

7. Matsskjal.

Farið yfir matsskjal og rætt um breytingar á fjölda matsþátta úr fjórum í fimm með 25% bili á milli matsþátta.

8. Starfsreglur stjórnar.

Farið yfir ábendingar frá Álfheiði og þær samþykktar.

9. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd og fundi slitið kl. 15:00.

Kjartan ritaði fundargerð.

